



Félag löggiltra endurskoðenda

Fyrstu skref endurskoðunar tengt gátlistum gæðaeftirlits

| | |
|-----------------------|--|
| Ætlað: | Opið öllum |
| Leiðbeinendur: | Áslaug Rós Guðmundsdóttir og Íris Ólafsdóttir |
| Staður: | Grand Hótel Reykjavík |
| Tími: | Fimmtudaginn 15. september 2016 kl. 13:00 – 16:00 |
| Einingar: | Þrjár endurmenntunareiningar í flokknum endurskoðun |
| Verð: | Kr. 18.000- fyrir félagsmenn og starfsmenn endurskoðunarstofa en 24.000 fyrir aðra |
| Skráning: | Skráning á vefsíðu FLE til kl. 16:00 - 14. september |

Námskeiðslýsing:

Á námskeiðinu verður farið í fyrstu skref endurskoðunarferlisins, þ.e. upphaf, skipulagningu og áhættumat og leitast við að tengja það gátlistum sem notaðir eru við gæðaeftirlitið.

Upphaf og fyrstu skref endurskoðunar

- Farið yfir samþykki verkefna og viðskiptasambanda
- Áhættumat og mikilvægi þess í upphafi verkefnis og áhrif þess á endurskoðunarferlið
- Skipulagning endurskoðunar og hvernig endurskoðunaráætlunin tengist áhættumatinu
- Farið yfir sérstök atriði vegna endurskoðunar samstæðu

Athugið að stefnan er að vera með námskeið um framkvæmd og lok endurskoðunar tengt gátlistum gæðaeftirlits, í janúar 2017.

Markmiðslýsing: Að loknu námskeiðinu ættu þátttakendur að:

- Átta sig á mismunandi nálgun eftir því hvort og hver endurskoðaði síðast
- Vera meðvitaðir um áhrif þess að áhættumeta verkefni í upphafi
- Geta sett fram endurskoðunaráætlun sem tekur beint mið af áhættumati

Leiðbeinendur:



Áslaug Rós Guðmundsdóttir, lauk meistaraprófi í endurskoðun (MSc Accounting) við Háskólann í Reykjavík vorið 2008 og löggildingu sem endurskoðandi í janúar 2010. Hún hefur starfað í Endurskoðunarnefnd félagsins og kennt á námskeiðum þess. Hún starfar nú sem fjármálastjóri hjá TG Raf ehf. í Grindavík.



Íris Ólafsdóttir útskrifaðist með meistarapróf í endurskoðun Cand.oecon. frá Háskóla Íslands vorið 1995 og öðlaðist löggildingu sem endurskoðandi í janúar 2003. Íris starfar sem endurskoðandi hjá PwC og hefur kennt á námskeiðum þar. Hún situr núna í Menntunarnefnd FLE.